



Starfsleyfisskilyrði fyrir Isavia innanlandsflugvelli ehf., kt. 591219-1380, fyrir rekstur Reykjavíkflugvallar

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir flugvallarrekstur Isavia innanlandsflugvellir ehf. kt: 591219-1380, hér eftir nefnt rekstraraðili, á Reykjavíkflugvelli. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, ef við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, sbr. fylgiskjal 1.
- 1.2 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur alþjóðaflugvallar með eldsneytisafgreiðslu, sbr. lið 7.2 í fylgiskjali 2 með reglugerð nr. 785/1999.
- 1.3 Starfsleyfið gildir frá 9.8.2016 til 31.12.2024. Gildistími framlengdur á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu eða lengst í eitt ár (31.12.2025) sbr. ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á 1810. afgreiðslufundi 19. desember 2024.
- 1.4 Rekstraraðili ber ábyrgð á mengunarvörnum í tengslum við rekstur flugvallarins, þar með talið vörnum gegn mengun vegna eldsneytisafgreiðslu.
- 1.5 Starfsemi við sölu og afgreiðslu á eldsneyti er starfsleyfisskyld. Rekstraraðili flugvallarins tilkynnir heilbrigðiseftirliti um slíka starfsemi innan flugvallarsvæðisins. Rekstraraðili mun einnig leitast við að upplýsa rekstraraðila innan flugvallarsvæðisins um starfsleyfisskyldu vegna mengandi starfsemi.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.8 Starfsleyfið skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Starfsleyfið skal þó endurskoða fyrr ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búast mátti við þegar leyfið var gefið út eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun án óhóflegs kostnaðar. Jafnframt skal endurskoða starfsleyfið ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við, ef breytingar verða á atvinnurekstri eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. Athafnasvæði

- 2.1 Flugbrautir, flughlöð og svæði til áfyllingar á eldsneyti skulu vera með vökvaheldu yfirborði.
- 2.2 Olíumengað fráveitu- og regnvatn skal leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. íslenskum staðli um olíuskiljur, farið skal að leiðbeiningum Umhverfisstofnunar við val og



uppsetningu á olíuskilju. Viðhaldi og eftirliti með olíuskiljum skal einnig háttað skv. sömu leiðbeiningum.

- 2.3 Flugvallarsvæðið skal afgirt, hlið skulu vera læst og það tryggt að almenningur hafi ekki aðgang að svæðinu.
- 2.4 Rekstraraðila er skylt að halda flugvallarsvæðinu hreinu og snyrtilegu. Allsherjarhreinsun þess skal fara fram fyrir 1. júní ár hvert í samráði við aðra rekstraraðila á svæðinu.
- 2.5 Komi í ljós olíumengaður jarðvegur á svæðinu skal tafarlaust tilkynna það heilbrigðiseftirliti. Fylgja skal leiðbeiningum Umhverfisstofnunar frá 1998 um meðferð olíumengaðs jarðvegs.

3. Meðferð hættulegra efna og spilliefna

- 3.1 Rekstraraðili skal ávallt leitast við að takmarka notkun mengandi efna við starfsemina.
- 3.2 Búnaður við eldsneytis- og olíugeymslur skal uppfylla kröfur um slíkan búnað á flugvöllum, sbr. gildandi reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 3.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, s.s. afsingarefna, olíu- og bensínúrgangs. Spilliefnum skal haldið aðskildum eftir tegundum eftir því sem við á og skilað til viðurkennds móttökuaðila.
- 3.4 Geyma skal hættuleg efni og spilliefni í lokuðum ílátum á vökvaheldu undirlagi og á þann hátt að ekki sé hætt á að þau berist út í jarðveg eða frárennsli.
- 3.5 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.

4. Viðbrögð við mengunaróhöppum

- 4.1 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna heilbrigðiseftirliti.
- 4.2 Rekstraraðili skal hafa viðbragðsáætlun sem tekur á leka á bensíni, olíu-, afsingarefni og öðrum spilliefnum sem og öðrum hættulegum efnum. Skal starfsmönnum kynnt áætlunin og þeir þjálfaðir í viðbrögðum samkvæmt henni. Áætlunin skal samþykkt af heilbrigðiseftirliti.
- 4.3 Í viðbragðsáætlun skal koma fram:
 - a) Tegund mengunar og mesta magn mengandi efna sem mögulega gætu borist út í umhverfið.
 - b) Hvernig bregðast skuli við menguninni.
 - c) Nöfn og símanúmer viðbragðsaðila sem tilkynna skal um mengunaróhappið.
- 4.4 Þar sem fljótandi hættuleg efni og spilliefni geta lekið niður skal undirlag vera vökvahelt og búnaður fyrir hendi til að byrgja niðurföll. Þá skal vera tiltækt ílát og ísogshámar til að taka við innihaldi stærstu umbúða ef leki kemur að þeim. Einnig skulu vera tiltækar fullnægjandi persónuhlífar fyrir starfsfólk til að takast á við slys og óhöpp eftir því sem við á.
- 4.5 Halda skal skrá yfir öll mengunaróhöpp þar sem fram komi, dagsetning, tegund mengunar og viðbrögð við henni. Fyrir 1. febrúar ár hvert skal skila skýrslu um mengunaróhöpp ef einhver eru til heilbrigðiseftirlits.



5. Varnir gegn hávaðamengun

- 5.1 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi er til að draga úr hávaða af völdum flugumferðar og starfsemi vallarins á jörðu niðri. Hann skal hvetja til þess að viðhald og útbúnaður véla sé með þeim hætti að dregið sé úr hávaða frá þeim.
- 5.2 Eftirfarandi flugumferð er undanskilin hávaðatakmörkunum:
Sjúkraflug, flug vegna mannúðarmála, flug vegna leitar og björgunar, flug vegna þjóðaröryggis eða annara ríkismála. Enn fremur er öll flugumferð vegna véla í neyð eða véla sem ekki er hægt að beina annað, m.a. vegna varaflugvallarhlutverks Reykjavíkurflugvallar, undanskilin takmörkunum um hávaða.
- 5.3 Við eftirfarandi aðstæður er heimilt að víkja frá hávaðatakmörkunum:
Við erfið veðurskilyrði, s.s. mikinn vindhraða, ísingu og snjó, við viðgerðir á flugbrautum og við slys á vellinum.
- 5.4 Eftirfarandi tímatakmarkanir eru settar á flugumferð og athafnir á vellinum:
a) Næturtakmarkanir á flughreyfingum: Flughreyfingar eru heimilar á eftirtöldum tímum. Á virkum dögum frá kl. 07:00 til kl. 23:30 og um helgar og á almennum frídögum frá kl. 08:00 til 23:30. Frá 1. maí til 1. september eru flughreyfingar heimilar frá kl. 07:30 til 23:30 um helgar og á almennum frídögum. Flughreyfingar utan þessa tíma eru ekki heimilar nema vegna flugs sem tilgreint er í gr. 5.2. Þó er rekstraraðila heimilt að leyfa landingar utan ofangreinds tíma, svo sem ef flug á leið til landingar hefur orðið fyrir ófyrirséðum töfum.

Heilbrigðiseftirlitið getur heimilað rekstraraðila (Isavia innanlandsflugvöllir ehf.) að veita undanþágu frá ákvæðum um næturtakmarkanir á flughreyfingum, komi fram beiðni um slíkt frá flugrekstraraðila með starfsemi á flugvellinum. Rekstraraðili skal sækja um heimild til að veita slíka undanþágu til heilbrigðiseftirlitsins. Í umsókn skal gera grein fyrir ástæðum flugs, áætlaður flugtaks- og/eða landingartími, fjöldi tilvika, röksemd fyrir nauðsyn undanþágunnar og verklagsreglur sem miða að því að draga úr ónæði af völdum flugsins eins og mögulegt er. Undanþágu skal einungis veita liggi samþykki heilbrigðiseftirlitsins fyrir. Skrá ber flugtök og landingar á meðan næturtakmarkanir eru í gildi og skulu þau gögn vera aðgengileg hjá rekstraraðila við eftirlit.

b) Takmarkanir á snertilendingum: Snertilendingar eru einungis leyfðar mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00 til 17:00 og um helgar og á almennum frídögum kl. 11:00 til 16:00 frá 1. september til 1. maí. Snertilendingar almenna frídaga og um helgar eru ekki heimilar frá 1. maí til 1. september. Snertilendingar loftfara með vélasterð 220 hestöfl eða meira eru ekki heimilar.

c) Takmarkanir á uppkeyrslu og prófunum á mótorum eftir viðhald og viðgerðir: Uppkeyrslur og prófanir á mótorum eftir viðhald og viðgerðir skulu eingöngu framkvæmdar mánudaga til föstudaga frá kl. 08:00 til 22:00, um helgar og á almennum frídögum frá kl. 10:00 til 18:00. Slíkar uppkeyrslur og prófanir mótora hreyfla skulu takmarkaðar eins og unnt er á almennum frídögum. Þær skulu einungis fara fram á sérstökum svæðum sem skulu ákvörðuð af flugvallaryfirvöldum og heilbrigðiseftirliti. Leitast skal við að velja svæði sem lágmarka hávaða sem getur borist til íbúðarbyggðar. Rekstraraðila er heimilt að leyfa prófanir frá kl. 7:45 á virkum dögum ef brýna nauðsyn ber til. Skrá ber slík tilvik sbr. gr. 7.1.



- 5.5 Við takmarkanir á aðflugi, flugi á brautum vallarins og aðrar takmarkanir á flugi loftfara við flugvöllinn sem miða að minnkun hávaða skal farið eftir reglum settum af rekstraraðila. Rekstraraðila ber að tilkynna allar breytingar á þessum takmörkunum til heilbrigðiseftirlits. Unnið skal að því í samvinnu við heilbrigðiseftirlit að setja takmarkanir sem lágmarka hávaða í Reykjavík og nágrennasveitafélögum.
- 5.6 Notkun knývendis í lendingu skal takmarka eins og unnt er.
- 5.7 Leitast skal við að takmarka óþægindi og hávaða í íbúðarbyggð frá sérstakri flugumferð s.s. flugi vegna fallhlífarstöks, listflugi og útsýnisflugi. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti með fyrirvara um alla fyrirhugaða stærri atburði tengda flugvellinum s.s. flugsýningar. Einnig skal tilkynna um aðra sérstaka flugumferð s.s. vegna eftirlitsverkefna og þess háttar.
- 5.8 Markvisst skal unnið að því að snertilendingar í æfinga- og kennsluflugi flytjist á flugvöll í hæfilegri fjarlægð frá Reykjavík samkvæmt aðgerðaráætlun rekstraraðila.
- 5.9 Rekstraraðili skal skila skýrslu um hávaðamengun frá flugvellinum á fimm ára fresti. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir útbreiðslu hávaða undangengin fimm ár og niðurstöður bornar saman við næstu fimm ár þar á undan. Við skýrslugerð skal stuðst við leiðbeiningar í kafla 8 og 10 í leiðbeiningum frá danska umhverfis- og orkumálaráðuneytinu (Vejledning fra Miljøstyrelsen) Nr. 5/1994. *Støj fra flyvepladser*. Teikna skal hávaðamengunarlínur með 5 dB millibili. Meta skal fjölda íbúða sem falla innan svæða með hávaða yfir settum viðmiðunarmörkum.
- 5.10 Í töflu 1 eru gefin viðmiðunarmörk fyrir hávaðamengun utan- og innandyrna vegna flugtaka og lendingu. Miðað er við mörk fyrir starfandi flugvelli í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 ásamt síðari breytingum.

Tafla 1. Mörk vegna hávaða frá flugumferð (Tafla II í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða)

Tegund húsnæðis	Mörk við húsvegg L_{den}	Mörk við húsvegg $L_{AFmax,5\%}$ nótt	Innandyrna $L_{Aeq,24h}$
Íbúðarhúsnæði, dvalarrými og skólar	55*	80	30
Íbúðarhúsnæði, dvalarrými og skólar á svæðum í nágrenni þegar starfandi flugvalla	65*	90	30

- 5.11 Komi fram vísbendingar um að hávaði hafi aukist frá starfseminni getur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur krafist þess að rekstraraðili láti vinna skýrslu um hávaðamengun þó ekki séu liðin fimm ár frá gerð síðustu skýrslu. Leiði niðurstöður hávaðamælinga í ljós að hávaði frá starfseminni eða einhverjum þáttum hennar, stenst ekki kröfur í reglugerð nr. 724/2008 getur heilbrigðiseftirlit sett frekari takmarkanir um starfsemina eða hluta hennar t.d. hvað varðar opnunartíma.
- 5.12 Við eftirlit með útreikningum á hávaðamengun, meðhöndlun á kvörtunum og við mat á staðsetningu bygginga í nágrenni flugvallarins skal notast við reikniaðferðir sem viðurkenndar eru skv. íslenskum reglugerðum.
- 5.13 Hávaði frá flugstöð og athöfnum á jörðu niðri skal vera innan viðmiðunarmarkna sem eru uppgefin í reglugerð um hávaða nr. 724/2008.



- 5.14 Allar breytingar á starfsemi flugvallarins sem leitt geta til aukins ónáðis fyrir íbúðarbyggð skulu bornar undir heilbrigðiseftirlit áður en ráðist er í framkvæmdir.

6. Varnir gegn loftmengun

- 6.1 Takmarka skal loftmengun frá starfseminni eins og kostur er.
- 6.2 Reynt skal að haga flugtökum og landingum á þann veg að sem minnst loftmengun berist frá flugvélum yfir íbúðarbyggð.
- 6.3 Forðast skal að láta flugvélar og önnur vélknúin ökutæki ganga í lausagangi.
- 6.4 Við hreinsun flugbrauta skal þess gætt að rykmengun berist ekki út fyrir flugvallarsvæðið.
- 6.5 Ef verulegar breytingar verða á starfsemi flugvallarins eða ef þörf er talin á getur heilbrigðiseftirlitið farið fram á mælingar á loftmengun.

7. Skráningar og eigið eftirlit

- 7.1 Skrá skal allar kvartanir sem berast vegna starfseminnar og viðbrögð við þeim. Einnig skal skrá öll frávik sem eru heimiluð á flugumferð og takmörkunum og skv. gr. 9.1. Skila skal samantekt um ofangreint fyrir hvert 6 mánaða tímabil, janúar - júní og júlí – desember, til heilbrigðiseftirlits innan tveggja mánaða frá því tímabili lýkur.
- 7.2 Einu sinni á ári boðar heilbrigðiseftirlit rekstraraðila, Umhverfisstofnun og fulltrúa heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis og Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis til fundar um umhverfispætti í rekstri flugvallarins, svo sem mengunarmælingar o.fl.

8. Starfsemi hætt

- 8.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa lóðina. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 8.2 Öllum úrgangi skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.
- 8.3 Hreinsun telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram.

9. Undanþágúákvæði

- 9.1 Heimil eru frávik frá ákvæðum þessara skilyrða komi upp tilvik þar sem atriði er varða öryggismál stangast á við starfsleyfisskilyrðin. Slíka atburði skal skrá og gefa upplýsingar um í samantekt sbr. gr. 7.1.

Samþykkt á 104. fundi Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, 9. ágúst 2016.



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 1.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 1.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 1.3 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 1.4 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 1.5 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2. Meðferð hættulegra efna

- 2.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið, ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða.
- 2.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyrá nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hætta af þeim.
- 2.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 2.4 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.

3. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 3.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 3.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.



- 3.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
- 3.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
- 3.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
- 3.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
- 3.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.
- 3.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
- 3.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

4. Mengunarvarnir

- 4.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 4.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 4.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 4.4 Mengunarvarnir skulu vera samþættar, sbr. gr. 14 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu fánlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 4.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlanir vegna mögulegra mengunaróhappa. Viðbragðsáætlanir skulu hanga uppi á áberandi stað í fyrirtækinu og ber að fara yfir þær með starfsmönnum reglubundið. Æfa skal viðbrögð við mengunaróhöppum a.m.k. einu sinni á ári.
- 4.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 4.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar eða hávaða. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum



Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar.sbr. gr. 4.2.

- 4.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökvu. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 4.9 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 4.10 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 4.11 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerðar nr. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, reglugerðar nr. 800/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn, reglugerðar nr. 802/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum í yfirborðsvatn, reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og reglugerðar nr. 809/1999 um olíuúrgang.

5. Eigið eftirlit og skráning

- 5.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfis-skilyrða.

6. Ýmiss ákvæði



- 6.1 Starfsleyfissskilyrði þessi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum
- 6.2 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur
- 6.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 6.4 Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 6.5 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfseminni fer skv. 12.gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.
- 6.6 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu með a.m.k. 4 vikna fyrirvara ef fyrirhugaðar eru breytingar á atvinnurekstrinum.
- 6.7 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu strax um meiri háttar mengunarslys sem kunna að verða.
- 6.8 Um endurskoðun starfsleyfis skal fara skv. ákvæðum í kafla IX í reglugerð nr. 785/1999.
- 6.9 Almennigur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999.

Samþykkt á 103. fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 14. júní, 2016.